Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

**165.**
**FUNDUR**
**SKÓLANEFNDAR**

**10. október 1991**

Mættir: Sigríður Jóhannesdóttir, formaður, Kristbjörn Albertsson, Guðjón Kristjánsson, Magnús Óskar Ingvarsson, Gísli Torfason, Gestur Pétursson og Hjálmar Árnason, skólameistari

Dagskrá:
1. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992
2. Nýjungar í skólastarfi (styrkumsóknir)
3. Skipun kennara - umsókn
4. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1992.**
Skólameistari ræddi um frumvarpið og spáði í tölur. Fjármagn sem áætlað er í kennslu virðist heldur lágt og kemur minni fjárhæð í hlut Fjölbrautaskóla Suðurnesja en til Fjölbrautaskóla Vesturlands og Fjölbrautaskóla Suðurlands sem hafa þó færri nemendur. Menntamálaráðuneytið áætlar að 600 nemendur sæki dagskóla og 100 kvöldskóla í FS en í reynd eru þeir 665 í dagskóla og 170 í kvöldskóla. Skólameistari leggur til að formanni skólanefndar og skólameistara verði falið að skrifa bréf til ráðuneytisins og óska eftir leiðréttingu á þessu ella komi tilskipun um niðurskurð. Nýbygging FS er ekki sérliður í frumvarpinu en tilheyrir trúlega lið sem kallast nýbyggingar framhaldsskóla. Sértekjur upp á 3.5 milljónir eru tekjur vegna öldungadeildar. Reiknað er með skólagjöldum en óvíst er hvort Alþingi samþykkir það. Nú þarf að sækja um skólavist í FS fyrir 1. nóvember 1991 og greiða innritunargjald fyrir 1. desember. Ekki er líklegt að þá liggi fyrir afgreiðsla Alþingis á málinu. Því er fyrirhugað að innheimta sama gjald og síðast og láta þess getið að von geti verið á frekari innheimtu skv. ákvörðun Alþingis. Tillaga skólameistara um bréfaskriftir samþykkt.

2. **Nýjungar í skólastarfi (styrkumsóknir).**
Skólameistari vekur athygli á tveim safnliðum í fjárlagafrumvarpinu. Annar heitir **nýjungar í skólastarfi** hinn **kennslueftirlit.** Til er samþykkt milli FS og Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja um samstarf við að búa til nýjar starfstengdar brautir eftir óskum atvinnulífsins. Skólameistari kynnir fyrir

skólanefnd bréf sem hann hefur skrifað með beiðni um styrk til verkefnisins ásamt ósk um að ráða megi starfsmann í 1/2 starf til að undirbúa verkið. Skólameistari kynnir einnig bréf með umsókn um styrk til að taka upp **vettvangsleiðsögn** (clinical supervision) í FS. Vettvangsleiðsögn er samstarf tveggja kennara um að leiðbeina hvor öðrum í starfi og hefur þróunarnefnd framhaldsskólastigsins lagt til við ráðuneytið að kennslueftirlit verði í þessu formi á Íslandi. Guðjón Kristjánsson leggur fram orðið **vildarkennari** sem nýyrði yfir þá sem taka þátt í þessu verkefni. Nokkrar efasemdir komu fram um kennslueftirlitið, en skólanefnd ákvað að leggja blessun sína yfir málið.

3. **Skipun kennara - umsókn.**
Magnús B. Hallbjörnsson, tölvufræðikennari, óskar eftir skipun í starf. Tölvumál skólans eru í mjög góðum höndum hjá Magnúsi og mælir skólameistari með því að hann fái skipun og samþykkir skólanefnd það.

4. **Fjármálastaðan.**
Fjármálastaðan er viðunandi. Erfiðlega gengur að fá upplýsingar um kennslukostnað frá ríkisbókhaldi. Ljóst er að við erum komin langt fram úr áætlun, ráðuneytið viðurkennir að einhver reikningsskekkja er í dæminu, en finnur hana ekki. Skólameistarar hafa mótmælt þessu við ráðuneytið og vísa allri ábyrgð á ráðuneytið meðan skólar eru innan leyfilegs kennslukvóta. Formaður spyr um skólagjöld, hvernig þeim er varið og bókhald á þeim. Í lögum um framhaldsskóla segir að hver skóli geti stofnað sjóði. Allir sjóðir skólans eru færðir beint inn í ríkisbókhald. Gestur Pétursson spyrst fyrir um innritunargjaldið og samanburð við aðra skóla og fær þau svör að innritunargjöld séu yfirleitt svipuð í skólunum.

5. **Önnur mál.**
   a) Borist hefur ósk frá Svæðisstjórn um málefni fatlaðra um að við fjárlagagerð verði gert ráð fyrir **námskeiðum fyrir fatlaða.** Skólameistari leggur til að sent verði bréf í ráðuneytið þar sem fram komi að skólanefnd hafi fjallað um erindið og óski eftir fjármunum til verkefnisins. Skólanefnd tekur jákvætt í erindið og samþykkir tillögu skólameistara um málsmeðferð.
   b) Borist hefur bréf frá framhaldsskóladeild Menntamálaráðuneytisins um **verklega kennslu í framhaldsdeildum iðnnáms.** Þar er tilkynnt um skerðingu á þeirri kennslu sem fram hefur farið í skólunum og nemendur sem hefja nám héðan í frá verða að fara á samning. Skólar verða að sækja sérstaklega um ef þeir vilja halda áfram með verklega kennslu. Í FS er eingöngu um framhaldsnám í rafvirkjun að ræða og leggur skólameistari til að sótt verði um þetta fyrir FS og ber þá skólinn ábyrgð á nemendum til sveinsprófs. Skólanefnd samþykkir.

c) Í þremur kjördæmum er búið að stofna **farskóla** í tengslum við framhaldsskóla. Þessum skólum er ætlað að halda utan um námskeið og starfsnám á svæðinu. Skólameistari leggur til að skólanefnd samþykki beiðni til ráðuneytisins um að ráðinn verði starfskraftur í 1/2 stöðugildi til að sinna þessum málum í FS. Skósuð mun kynna þetta mál á fundi með sveitarstjórnarmönnum fljótlega. Skólanefnd samþykkir.

d) Gestur Pétursson ræðir um **skólaakstur** og óánægju nemenda með að þurfa að greiða fyrir hann. Þetta er mál sem sveitarstjórnir og ríki þurfa að leysa og skólinn getur lítið gert í, nemendum bent á að ræða við ráðamenn í sinni heimabyggð.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Sigríður Jóhannesdóttir
formaður

Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

Tilvísun
I-41

Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík
230 Keflavík

Reykjavík, 30. ágúst 1991.
ÓG/ÞÞ

Athygli iðnfræðsluskóla er vakin á ákvæðum 13. greinar reglugerðar um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi nr. 102/1990, svohljóðandi:

> „Í iðngreinum, þar sem 3/4 hlutar iðnnáms eða meira fara fram í iðnfræðsluskóla og nemendur þurfa einungis að fá 12 mánaða eða skemmri starfsþjálfun, getur menntamálaráðuneytið veitt iðnfræðsluskólum heimild til að gera samning við meistara/iðnfyrirtæki um að taka að sér ákveðna starfsþjálfun iðnnema. Samningur þessi skal staðfestur af iðnfulltrúa. Samningurinn skal vera í samræmi við iðnnámssamning skv. 6.gr. þessarar reglugerðar eftir því sem við á. Þessa nema skráir skólinn til sveinsprófs.“

Samkvæmt „Námsskrá framhaldsskóla“ sem gefin var út af Menntamálaráðuneytinu 1990 er hægt að skipta þeim iðngreinum sem kenndar eru að hluta verklega í skóla í tvo hópa. Hér eru fyrst taldar þær iðngreinar sem eru með eitt ár eða minna í starfsþjálfun:

Póstfang og aðsetur
Sölvhólsgötu 4
150 REYKJAVÍK

Sími (91) 609500
Telefax (91) 623068

Kennitala
460269-2969

TAFLA 1

| Heiti iðngreinar | Annir í skóla | Starfþj. í mán. | Námstími í árum |
|---|---|---|---|
| Bifvélavirkjun | 6 | 12 | 4 |
| Kjólasaumar | 7 | 4 | 3 |
| Klæðskurður | 7 | 4 | 4 |
| Rafeindavirkjun | 7 | 9 | 4 |
| Rafvélavirkjun | 6 | 12 | 4 |
| Rafvirkjun | 6 | 12 | 4 |
| Snyrtifræði | 5 | 8 | 3 |
| Tannsmíði | 6 | 12 | 4 |

Í töflu tvö er að finna þær iðngreinar sem eru með meira en eitt ár í starfsþjálfun.

TAFLA 2

| Heiti iðngreinar | Annir í skóla | Starfsþj. í mán. | Námstími í árum |
|---|---|---|---|
| Bifreiðasmíði | 5 | 20 | 4 |
| Bókband | 5 | 20 | 4 |
| Hárgreiðsla | 3 | 22 | 3,5 |
| Hárskurður | 3 | 22 | 3,5 |
| Húsasmíði | 5 | 20 | 4 |
| Húsgagnasmíði | 5 | 20 | 4 |
| Prentsmíði | 5 | 20 | 4 |
| Prentun | 5 | 20 | 4 |
| Rennismíði | 5 | 20 | 4 |
| Vélsmíði | 5 | 20 | 4 |

Samkvæmt þessum ákvæðum og upptalningum falla niður heimildir iðnfræðsluskóla til að vera með nemendur á sínum vegum á námssamningum í þeim iðngreinum sem upp eru taldar í töflu 2.

Jafnframt verða skólarnir að sækja um til ráðuneytisins ef þeir vilja halda áfram að vera með nemendur á sínum vegum á námssamningum í þeim iðngreinum sem upp eru taldar í töflu 1.

Aðlögunartími að þessum breytingum er:

a) Iðnfræðsluskólar sem vilja vera með nema á sínum vegum, samanber töflu 1, skulu sækja um heimild til ráðuneytisins fyrir 1. desember næst komandi.

b) Nemum sem hafa lokið framhaldsdeildum fyrir þær iðngreinar sem taldar eru upp í töflu 2 skal heimilt að ljúka námi á brautinni, miðað við eðlilegt framhald í námi. Þeir sem innritast hafa í framhaldsdeildir og stunda þar nám á næsta skólaári skal sömuleiðis vera heimilt að ljúka námi samkvæmt eldri reglu.

c) Nemar sem innritast hafa í grunndeildir (samanber töflu 2) nú í vor og hefja nám á haustönn skulu að loknu námi í framhaldsdeild fara á námssamning hjá meistara í iðninni og ljúka námi á hans vegum.

Búið er að prenta námssamninga fyrir nema á vegum skóla og fylgir ljósrit af einum slíkum með bréfi þessu. Gert er ráð fyrir að við samningsgerð, eftirlit og tilkynningu til sveinsprófs verði fylgt ákvæðum í reglugerð um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi nr. 102/1990 fyrir öll samskipti vegna nema á vegum skóla í atvinnulífi, samkvæmt töflu 1 svo og töflu 2, meðan námi í atvinnulífi á vegum skóla er að ljúka.

F. h. r.

TOLVOLUR H.F.

| NAFN | KENNIT | HEIMILI1 | BRAUT |
|---|---|---|---|
| EMIL VALSSON | 2106754349 | HEIDARHOLTI 11, KE | IB |
| GUDMUNDUR A. OLAFSSON | 3108705019 | HEIDARGERDI 15, VO | IV |
| GUNNAR HERMANNSSON | 2603693939 | MAVABRAUT 9 B | IP |
| INGVI JON GUNNARSSON | 1711724979 | HEIDARBOLI 7, KE | IP |
| KRISTJAN GEORG LEIFSSON | 2308735699 | LEIRDAL 4, VO | IP |
| PALL GUDMUNDSSON | 2406712989 | TJARNARGOTU 13, VO | IB |
| RAGNAR HLODVERSSON | 2407654899 | HEIDARGERDI 7 | IB |
| SIGMAR BJORGVIN ARNASON | 3001684779 | AUSTURGOTU 20 | IP |
| SIGURDUR SNÆBJORNSSON | 0201675809 | HEIDARVEGI 6, KE | ID |
| ÞORSTEINN KARL INGOLFSSON | 1512755089 | SUNNUBRAUT 40, KE | IB |

QUERY COMPLETE. 10 RECORDS OUTPUT. PRESS ANY KEY TO CONTINUE

IB = Iðnbraut bifvélavirkjunar
IV = Iðnbraut vélsmíði
IP = Iðnbraut pípulagna
ID = Iðnbraut blikksmíði.

Sérgreinar iðnbrauta sem FS býður ekki:

IB: ÁTM 351
EFM 251
IRM 151
ITM 152
RLM 142
RAF 153,254
VFH 103,202
VFU 102,202
VVB 151
VTM 151

25e af 63e alls.

ID: ÁTM 331
EFM 232
IRM 132,231
ITM 132,134,234
LOF 102
VTM 132

Blikksmíði

20 e af 63e alls.

IP: EFM 221
IRM 122,262
ITB 154,254
RLS 162
VTB 152,252

Pípulagnir

19e af 63e alls.

IV: EFM 211
RAF 201
STÝ 112
VFR 212
VHM 101
SÉRGR.VAL 5e.

Vélsmíði

12e af 63e alls.

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100

Keflavík 24 okt 1991

Til skólastjórnenda F.S.

Málefni v/ blikksmiði, pípul. og fl. skildar greinar.

Í gegnum tíðina hef ég haft í umsjón nemendur í þessum gr.

---

Nú loksins gefst ég upp við að reyna að liðsinna þessum nemendum. Kemur það einkum til af því að ég finn mig algerlega vanmáttugan til að verða þeim að liði.

Með tilkomu Námskr. fyrir framhaldsskóla fjölgaði faggreinunum þessara manna til muna, sem gerir það að verkum að F.S. er hvergi í stakk búinn til að veita þessum nemendum fullnægjandi kennslu.

Ég hef nú tekið það til bragðs að vera hreinskilinn við þessa nemendur og vísað þeim á nám í IR, IH eða Breiðholt. Takmarkað gagn hlýst af því að byrja nám við F.S. því það leiðir til þess að viðkomandi nemendur fái slitrótta töflu þegar þeir hefja nám við annan skóla.

Ég vill því leggja til að F.S. aðstoði þessa nemendur í upphafi við að innritast í áðurnefnda skóla. þ.e.a.s. á meðan nemendafjöldi er þetta takmarkaður.

Stefán Ólafsson

| TEIKNAÐ | BEKKUR | SAMÞYKKT | MÆLIKV. | SKÓLI |
|---|---|---|---|---|
| NAFN / VIÐFANGSEFNI | | | | EINKUNN |
| | | | | TEIKNINR. |

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

# VALBLAÐ

| Nafn: | Kennitala: |
|---|---|
| Sigurður Snæbjörnsson | 02-01-67-5809 |

| Heimili: | heimasími: 12422 |
|---|---|
| Heiðarvegur 6 Kef | vinnusími: |

Póstnúmer/Sveitarfélag: 230 / Keflavík

Skólanúmer: 733

| Braut: ID | Áætl. námslok: | Umsjónarkennari: |
|---|---|---|
| | | [signature] |

| Athugasemdir nema: | Aðalval: | Undanfari: |
|---|---|---|
| | ATB-3312 | ATB 102 L. |
| | EFM 2324 | EFM 101 L |
| ath. í lagi IRB 102 ← | IRM 1324 | |
| | LOF 1324 | |
| | VTM 1324 | |
| | LOF 2324 | |
| | TTM 1348 | |
| | TTM 2348 | TGET L. |
| | TÞR 2012 | |
| | | |
| | | |
| | | |

Fjöldi tíma:

Fjöldi eininga:

| Varaval: |
|---|
| ENS 102 |
| DAN 202 |
| |

| Undanfari: |
|---|
| |
| |
| |

Athugasemdir skóla: Það verður að skoða lagg-... Stuðningskennsl... fyrir... ...

Undirskrift umsækjenda/dags.
Sigurður Snæbjörnsson
24-10-1991

Forval 24. október 1991